

Sp.

655. Þingsályktun

[168. mál]

um bætt flugskilyrði á Vestmannaeyja- og Akureyrarflugvöllum.

(Afgreidd frá Sp. 29. jan.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta ekki niður falla, heldur hraða svo sem unnt er framkvæmdum þeim við flugvöllina í Vestmannaeyjum og við Akureyri, sem aðkallandi eru, til þess að bæta landingarskilyrði og annað, er að öryggi flugsamgangnanna lýtur.